

4. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 06. okt. 2021 – fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

1. Fundargerðir 2. og 3. fundar

Guðrún Edda, forseti, setur fund og leggur fram fundargerðir 2. og 3. fundar ásamt fundargerð framkvæmdaráðsfundar til samþykktar með breytingum eftir athugasemdir í tölvusamskiptum.

2. Nefndir – mönnun og tengiliðir

Guðrún Edda fer yfir skipun í nefndir og eru allar nefndir nú fullmannaðar og hver og ein með tengilið í stjórn landssambandsins. Umræður um mikilvægi þess að hafa samband við formenn nefnda og ýta vetrarstarfinu úr vör þannig að verk vinnist á tilsettum tímum. Ingibjörg Elsa minnir á lýsingu á hlutverki nefnda sem finna má í skjali á heimasíðu félagsins.

3. International speaker – viljum við fá fyrirlesara og ef þá, hvern?

Guðrún Edda birtir lista yfir fyrirlesara og efni þeirra og umræður um hvort tveggja. Ákveðið að vísa málefni til mennamálanefndar og konum þar gefinn kostur á að velja efni sem falli að þeirra efni á vörðingi eða þess vegna að halda eingöngu sinni dagskrá.

4. Fyrirlestrar, upptökur á heimasíðu – umræða um tillögur sem fram komu á framkvæmdaráðsfundi

Umræður um ofangreint efni og aftur sammælt um það að leggja þetta málefni í hendur menntamálanefndar.

5. Fréttabréf forseta (og stjórnar) – umræða um form og efni

Forseta þakkað fyrir gott fréttabréf, hið fyrsta frá nýrri landsstjórn. Umræður um útlit og forrit fréttabréfsins. Rætt um mánaðarlega útgáfu fréttabréfs þar sem gott er að minna á föst verkefni deilda. Umræður um störf gjaldkera.

6. *The DKG European Forum Education Series* – fulltrúi Íslands

Guðrún Edda sem á sæti í nefndinni fjallar um ráðstefnuna sem halda átti í Finnlandi 2020 og var aflýst vegna heimsfaraldurs. Hún kynnir þá ákvörðun nefndarinnar að í staðinn fyrir ráðstefnu skyldi hvert land sem aðild eiga flytja 1 erindi rafrænt og þeim skipt niður á

mánuði. Röðin kemur að Íslandi í janúar 2022. Guðrún Edda hefur beðið Ingileif Ástvaldsdóttur, Mýdeild, og formann menntamálanefndar ásamt Jenný Guðbjörnsdóttur, Mýdeild um að flytja erindi fyrir Íslands hönd. Þær munu flytja erindi sem er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, HA, og KÍ sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti- styrkir og ber heitið Menntaflétta. Einnig segir Guðrún Edda frá því að 1. erindið sé á dagskrá 21. október en það er í höndum Svía og er flutt af konu sem hefur setið í Nóbelsverðlaunanefnd. Heitir fyrirlesturinn: Sara Danus' dresses and her books" í samstarfi við The National Museum í Stokkhólmi. Eygló setur upplýsingar um þetta á FB og DKG vefinn. Hlekkur á Zoom verður svo sendur út síðar eða þegar nær dregur.

7. Önnur mál

Guðrún Edda reifar hugmynd frá Eija Liisa Sokka-Meaney í Finnlandi um að halda klukkustundar jólaboð á Zoom þar sem kona frá hverju landi kynnir jólahefðir í sínu landi. Ætlaður tími á hvert land er 5-7 mínútur. Umræður um heppilegar konur til verksins, hugsanlega konur sem tengjast einhvers konar safnastarfi.

Umræður um gjald í International Emergency fund, 1 evra, sem hjá okkur er innifalið í árgjaldi til félagsins.

Næsti stjórnarfundur settur 10. nóv. kl. 19:30

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:40

Fundargerð skrifaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir